

## **Umsögn Íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts um Stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030: Lögð fram og samþykkt á fundi íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts þann 9. febrúar 2021**

Íbúaráð Árbæjar- og Norðlingaholts fagnar í grunnatriðum því sem kemur fram í nýrri stefnu að tónlistarnámi í Reykjavík. Mikilvægt er að gott samstarf sé á milli tónlistarskóla og leik- og grunnskóla til að auka aðgengi barna að tónlistarnámi. Slíkt samstarf getur aukið áhuga barnanna á slíku námi og stuðlað að því að tónlistarnámið geti orðið hluti af skóladeginum og dregið úr skutli. Einnig er rétt að benda á að sýnt hefur verið fram á að tónlistarnám barna stuðlar að bættum árangri þeirra í öðru námi, sem undirstrikar enn frekar mikilvægi tónlistarnáms. Það er mikilvægt að stuðla að jafnræði til slíks náms í borginni og tekur ráðið heils hugar undir slíka stefnu. Loks telur íbúaráð mikilvægt að almenn tónmenntakennsla verði eflað í skólum þannig að lágmarksmenntun á því sviði sé til staðar í samræmi við námskrá.

Íbúaráðið vill þá koma eftirfarandi ábendingum á framfæri sem varða sérstaklega málaflokkinn í Árbæ og Norðlingaholti.

### **Staðsetning tónlistarskóla.**

Tónlistarskóli Árbæjar er afar illa staðsettur m.t.t. hagsmuna nemenda sem þangað sækja nám. Húsnæði skólans er í iðnaðarhverfi norðan við Árbæinn þar sem almenningsamgöngur eru litlar sem engar og þung umferð sker Árbæinn frá skólanum. Ljóst er að skortur á hentugu húsnæði í Árbænum hefur verið og er hamlandi þáttur í tónlistarkennslu í hverfinu. Ráðið telur mikilvægt að horft sé til framtíðar við að tryggja hentugt húsnæði innan hverfisins fyrir tónlistarkennslu.

### **Samgöngubætur.**

Æfingar skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts (SÁB) fara fram í Breiðholtsskóla. Slæm tenging almenningsamgangna er á milli Árbæjar og Breiðholts í dag og það veldur því að óraunhæft er fyrir marga nemendur í Árbænum að sækja æfingarnar. Mikilvægt er að koma hlutum fyrir með þeim hætti að jafnræði sé til staðar á milli hverfa hvað varðar þennan þátt.

### **Jafnræði á milli skóla.**

Misræmis hefur gætt á milli skóla í hverfinu hvað varðar tónlistarkennslu innan veggja skólanna, bæði hvað varðar einkakennslu á vegum skólahljómsveitar (SÁB - sem eru hluti af SFS) og annarra tónlistarskóla. Íbúaráð fer fram á að reglur er varða notkun skólahúsnæðis til slíkrar kennslu verði samræmdar þannig að tryggt sé að öllum þeim nemendum sem slíka kennslu þurfa að sækja, standi hún til boða á jafnræðisgrundvelli óháð því hvaða skóli hverfisins á í hlut.